



Leiðsögn

Trúnaðarráðsfundur 16 október 2024 kl 20.45

Fundur er í gegnum fjarfundarbúnað

Fundinn sitja:

Halldór Kolbeins Formaður (HK);Hildur Bjarnason (HB) ;Örvar Már Kristinsson (ÖMK);
Bergur Álfþórsson (BÁ) ; Bryndís Kristjánsdóttir (BK) ; Þorsteinn McKinstry (ÞM) ;
Hildur Þöll Ágústsdóttir (HÞÁ); Björn Júlíus Grímsson (BJG); Guðný Margrét
Emilssdóttir (GME); Jens Ruminy (JR) ; Daði Hrólfsón (DH)

Dagskrá:

1. Samstarfsörðugleika í stjórn Leiðsagnar
2. Önnur mál

1. Samstarfsörðugleikar í stjórn

Formaður leggur til að HÞÁ verði fundarritari , samþykkt af öllum nema GME. Formaður fer yfir mál Leiðsagnar varðandi kjarabrotamál og það starf sem hafið er og augljóst að sum fyrirtæki vilja bæta sig. Vitnað er í hörmulega slysið í íshelli í sumar , fjallaleiðsögumenn héldu námskeið í September og var það námskeið fullt ,bæði af nýliðum og einnig fólki sem starfað hefur sem leiðsögufólk á jökli fram að þessu . Er það ánægjulegt að viðsnúningur sér orðinn og fyrirtæki og einstaklingar telji nauðsynlegt að hafa lokið námi/námskeiði til að leiðsega á jökli .

Næst fer formaður í samskiptaörðugleikana .

Jens Ruminy er kjörinn gjaldkeri á stjórnarfund 10.04.2024 , dagana eftir þann stjórnarfund skrifa allir réttkjörnir í stjórn undir pappíra sem senda þarf á ýmsar opinberar stofnanir þar sem tilkynnt er um hverjir séu í stjórn og hvaða störfum hver gegnir í stjórn . Er þetta lögbundið og verður að gera , í þessum skjölum kemur í ljós hver er kjörinn gjaldkeri . Eftir að öll skjöl hafa farið í gegnum ferlið hjá hinu opinbera sendir Íslandsbanki þann 12 . 05 . 2025 vefslóð til allra stjórnarmanna til undirritunar svo að kt Jens Ruminy sé inni sem prókúruhafi en kt fyrrverandi gjaldkera tekin út , allir skrifa undir nema fyrrverandi gjaldkera sem er enn í stjórn .

Gjaldkeri er ábyrgur fyrir eftirliti, fjárreiðum og innheimtu félagsgjalda .Hann gerir á aðalfundi grein fyrir ársreikningum félagsins og fjárhagsáætlun næsta árs .

Þrátt fyrir beiðnir þess efnis að hún skrifaði undir gerði hún það ekki og skrifaði ekki undir fyrr en 10.10.2024 , nærri því 5 mánuðum eftir að undirskriftaslóð barst frá Íslandsbanka .

Ástæður sem fyrrverandi gjaldkera gaf fyrir þessum drætti voru margvíslega .T.d að fundargerðir sem ... skrifaði hafi ekki verið birtar á heimasíðu Leiðsagnar , að fá að sjá undirritaðan samstarfssamning við VR , hann fékk hún að sjá x2 , á stjórnarfund 4 júní og á trúnaðarráðsfundi 6 júní, þessi samningur var samþykktur á stjórnarfundinum og einnig á trúnaðarráðsfundinum en þar var hann samþykktur einróma . Einnig fékk ... sendann

Samninginn óundirritaðan í tölvupósti þann 10 júní en það er nákvæmlega sami samningur og var undirritaður .

Einnig tekur ... til að hún sé ósátt við að hafa ekki verið valin í samstarfssnefnd við VR .

Formaður óskar eftir því að Trúnaðarráð taki ákvörðun um hvort að veita skuli henni áminningu eða brottvikning þar sem þetta er alvarlegt brot samkvæmt 11 fr laga Leiðsagnar

Reynist félagsmaður sannur að broti gegn lögum félagsins eða siðareglum skal málið tekið fyrir í trúnaðarráði sem vísar því til stjórnar til ákvörðunar hvort veita skuli honum áminningu eða sviptur réttindum fullgilds félagsmanns

Vanræki sá sem situr í stjórn eða trúnaðarráði eða skipar aðrar trúndarstöður þær skyldur sínar skal stjórn skora á hann að bæta úr því .Gerist það ekki skal næsti varamaður taka við starfa hans , sé hann til staðar , en ella gerir Trúnaðarráð tillögu til stjórnar um hver taki við starfinu .

Fyrrverandi gjaldkera hefur andmæla rétt og hefur tækfæri til að nýta hann núna og er svo beðin um að víkja af fundi á meðan trúnaðarráð talar saman. Niðurstöðu fundarins verður svo vísað til stjórnar sem heldur fund næstkomandi þriðjudag 22.10.2024.

Fyrrverandi gjaldkeri hefur orðið og gerir grein fyrir sínu máli .

Ástæður þess að ... skrifaði ekki undir eru margvíslegar en snúa þó flestar að gagnrýni hennar á formann félagsins telur hann ekki rækja skyldur sínar sem formaður , sýni einræðistilburði á fundum og ákvörðunum . Hafi ekki reynt að hafa samband við sig , að hann sneiði hjá henni við val á fólki í nefndir og ráð .

Er afar margorð og endurtekur oft sömu hlutina .

Margar ástæðurnar eru þær sömu og tilteknar eru fyrr í fundargerð , í málsgrein varðandi prókúru gjaldkera .

Er beðin um að víkja af fundi þannig að Trúnaðarráð geti tekið ákvörðun sem og gerir.

Trúnaðarráð og stjórn hefja sitt samtal

Rætt er um þau mál sem ... rekur ,formaður gerir grein fyrir þeim atriðum sem snúa að honum .

Meðlimir trúnaðarráðs taka nú til máls . Spurt er um ýmsa hluti og HK svarar öllum spurningum .

HK áréttar að hann hafi prókúru til að skrifa undir skjöl fyrir hönd félagsins en er ekki með prókúru á bankareikninga félagsins.

Fyrrverandi gjaldkeri fékk skriflega áminningu þegar ... var varamaður í stjórn Friðriks Rafnssonar , vegna samstarfsörðuleika .

Rætt er um forsöguna og tjá fundarmenn sig um það mál .

Spurt er um álit lögmanns ASÍ, svar lögmanns er á þá leið : Skyldur stjórnarmanna er að framkvæma þær stjórnarathafnir sem ákveðnar eru af stjórn (að veita aðgang að heimabanka). Hægt er að hafa efnislega skoðun á því við afgreiðsluna en ekki hægt að halda vilja stjórnar í gíslingu með athafnaleysi. Skylda stjórnarmanna er að framkvæma teknar ákvarðanir, og í þessu tilfelli er það sú athöfn að undirrita skjöl bankans um aðgang. Sá sem ekki gerir það er ekki að rækja skyldur sínar. sem stjórnarmaður. Um þetta er fjallað í 2. mgr. 11. gr. laga Leiðsagnar.

Ákveðið er að fresta fundi og ákvörðunartöku, gefa fundarmönnum svigrúm til að hugsa málið

Fundi er frestað kl 22.18 til 18.10.2024 kl 20.00.

Samstarfsörðugleikar í stjórn

Fundi framhaldið 18.10.2024 kl 20.11.

Sömu aðilar sitja fundinn. Fyrrverandi gjaldkeri kemur inn á fund seinna.

Formaður fer yfir þing ASÍ, HPA minnst á að nefnt hafi á þinginu af öðrum formönnum að önnur félög séu að fá inn kjarabrotamálum, ÖMK minnst á að formaður félags á Hornafirði hafi nefnt að þau séu að fá inn kjarabrotamál starfsmanna í ferðaþjónustu. Talið er nauðsynlegt að ná sambandi við formenn stéttarféлага úti á landi og fá upplýsingar um brot hjá þeim.

Ákvörðun er tekin af Trúnaðarráði að BÁ lesi upp ákvörðun Trúnaðarráðs.

Fyrrverandi gjaldkeri kemur inn á fund. BÁ les eftirfarandi texta

Niðurstaða trúnaðarráðs er að lýsa vantrausti á stjórnarmann leiðsagnar

Ástæða er sú að vanrækti og vanvirti samþykkt stjórnar (frá 12 maí til 10 Okt. 2024 eða í allt að 5 mánuði) að gefa nýjum gjaldkera aðgang að reikningum félagsins og hefur því stjórn félagsins verið í hálfgerðu lamasessi síðan. Með þessu athæfi hefur sýnt af sér andfélagslega hegðun og komið í veg fyrir að stjórn Leiðsagnar geti starfað eðlilega. Ákvörðun trúnaðarráðs um vantraust byggir einnig á því að viðkomandi stjórnarmaður leiðsagnar hefur áður hlotið áminningu út af **samstarfsörðuleikum**

Einnig skora kjörnir fulltrúar trúnaðarráðs á stjórn félagsins að klára þau formsatriði sem snúa að skyldum stjórnar sem hafa setið á hakanum vegna ástandsins, hið fyrsta.

Það er trú trúnaðarráðs úr því sem komið er að þetta sé eina leiðin til þess að tryggja vinnufrið í stjórn félagsins.

BÁ ítrekar að þetta hafi ekki verið létt ákvörðun eða auðveld en Trúnaðarráð telji þetta farsælustu leiðina.

Fyrrverandi gjaldkeri tekur til andmæla

... telur víst að Trúnaðarráð hafi ekki það vald til að leggja til vantraust , að það vald sé ekki til staðar telur að stjórn hafi vel getað starfað án þess að gjaldkeri hafi lögbunda prókúru. Endurtekur aftur sömu gagnrýni og ... gerði þann 16.10.2024 . Segist vera félagsmaður til tæpra 40 ára og hafi gegnt trúnaðarstörfum síðan 2019 segist ekki samþykkja þessa niðurstöðu , að Trúnaðarráð hafi ekki þetta vald. Hún andmælir harðlega segist muni senda bókun um þetta, en ekki er hægt að senda inn bókun eftirá . Minnst á fyrri áminningu , segir algöran tilbúning og hafi ekki átt neina sök þar.

... er hissa á að ekki sé gerð vantrausttilaga á formann vegna vanrækslu og veltir fyrir sér hvort ... eigi að gera það. Hún telur sig verða fyrir einelti af stjórn og fyrri stjórn minnst á að fyrri formaður Jóna Fanney hafi verið með prókúru vegna þess að hún vildi fylgjast með og það hafi verið eðlilegt en annars eigi formenn eigi ekki að vera með prókúru .

Telur að fundarboðið hafi ekki verið löglegt og furðar sig á að varamenn Trúnaðarráðs hafi ekki verið boðnir á fundinn . Ítrekar enn að hún telji formann brjóta lög félagsins og sýni af sér vanrækslu . Telur að setja eigi vantraust tillögu á formann.

Orðið er gefið laust , fundarmenn telja að allt sé sagt sem þarf

Fundi lokið kl 21.07 . 18.10.2024